

Mál nr. 60/2021**M og
V v/ slysátryggingar launþega hjá X.****Ágreiningur um hvort tilkynningarfrestur hafi verið liðinn þegar tjón var tilkynnt.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.2.2021, ásamt fylgiskjölum nr. 1-10.
2. Bréf V dags. 4.3.2021, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 5. nóvember 2018 var M stödd á Hótel Hilton í Reykjavík þegar hún hrasaði með þeim afleiðingum að illa snérist upp á vinstri fót hennar. Í fyrirliggjandi bráðamóttökuskrá frá LSH kemur fram að M hafi leitað á bráðamóttöku þann sama dag vegna slyssins. Skoðun leiddi í ljós að M var með brot á ökkla sem þarfnaðist aðgerðar. Var aðgerð framkvæmd daginn eftir, þann 6. nóvember 2018. Þá fór M í gipsskipti og saumatöku á LSH þann 21. nóvember 2018. Þann 19. desember 2018 var gipsið tekið af og M ráðlagt að fara í sjúkraþjálfun. Var M í meðferð hjá sjúkraþjálfara frá 27. desember 2018 til 26. febrúar 2019. Kveðst M hafa verið með óþægindi í fætinum vegna festibúnaðar, sem var fjarlægður í tveimur aðgerðum, fyrst ein skrúfa í janúar 2019 og svo restin með aðgerð 2. október 2019. Í fyrirliggjandi matsgerð kemur fram að M var metin óvinnufær með öllu tímabilið 4. nóvember 2018 til 8. febrúar 2019 og að hluta, þ.e. 50% óvinnufær, frá 11. febrúar 2019 til 11. maí 2019.

Fram kemur í málskoti M að hún hafi tilkynnt tjónið til síns tryggingafélags vegna eigin frítímaslysátryggingar þann 14. nóvember 2018. Þá kveðst hún, eftir að hafa leitað til lögmanns, hafa komist að því að slysátrygging launþega ætti einnig að ná til slyssins, þar sem mælt væri fyrir um það í kjarasamningi að sú trygging gildi jafnframt í frítíma. Lögmaður hennar hafi því sent tjónstilkynningu til V þann 18. maí 2020. Krefst M þess að tjónið verði bætt úr slysátryggingu X hjá V. Afstaða V er hins vegar sú að árs tilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga verið liðinn þegar tjónið var tilkynnt. Vísar V í þessu sambandi til þess að tilkynningarfresturinn hafi byrjað að líða þegar M gekkst undir aðgerð þann 6. nóvember 2018 eða þegar M tilkynnti slysið í eigin frítímaslysátryggingu þann 14. nóvember 2018. Enda hafi henni þá mátt vera ljóst að afleiðingar slyssins væru varanlegar.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, sbr. 4. gr. laga nr. 15/2015 um breytingu á þeim, glatar sá sem á rétt til bóta skv. slysátryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi vátryggingarfélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti.

Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf fyrningarfrests miðast ekki sjálfkrafa við tiltekna atburði, svo sem þegar tjónþoli undirgengst aðgerð, eða við stöðugleikapunkt, heldur þurfi að horfa til þess hvenær tjónþola sjálfum mátti vera ljóst að hann hefði orðið fyrir varanlegu tjóni við slys. Þrátt fyrir að M hafi gengist undir aðgerð vegna beinbrots daginn eftir slysið er ekkert í gögnum málsins bendir til þess að hægt hafi verið að fullyrða að M myndi hljóta varanlegt líkamstjón af beinbrotinu. Þá verður heldur ekki fullyrt að M hafi vitað eða mátt vita um varanlegar afleiðingar slyssins þegar hún tilkynnti tjónið til síns tryggingafélags þann 14. nóvember 2018. Hvergi í gögnum málsins er að finna þá greiningu hjá læknum sem hún gekk til vegna meðhöndlunar á slysinu að það hafi átt að leiða til varanlegra afleiðinga fyrir M. Verður þar af leiðandi ekki fallist á það með V að fyrningarfrestur hafi byrjað að líða þegar hún undirgekkst aðgerðina eða þegar hún tilkynnti slysið í eigin frítímaslysátryggingu.

Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð var stöðugleikapunktur vegna slyssins talinn vera þann 5. maí 2019. Stöðugleikapunktur markar þann tímupunkt sem matsmenn telja að heilsufar M hafi verið orðið stöðugt og ljóst að hún myndi ekki ná frekari bata. Verður þó ekki fullyrt að M hafi á þessum tímupunkti mátt vera ljóst að hún myndi ekki ná fullum bata. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að árs tilkynningarfrestur hafi ekki verið liðinn þegar M tilkynnti tjónið þann 11. maí 2020. M á því rétt til greiðsla á bótum úr slysátryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson, lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.